

Rek. 13/2019/kultur D 2019

Fyrri skjalsnúmer A 1809/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um
**betri skilyrði fyrir hreyfanleika nemenda við lýðháskóla og fyrir samstarf
lýðháskóla á Norðurlöndum (Tilmæli 13/2019)**

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð skrái svarið hjá sér og líti svo á að tilmæli 13/2019 sem varða *betri skilyrði fyrir hreyfanleika nemenda við lýðháskóla og samstarf lýðháskóla séu endanlega afgreidd* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að gera lýðháskólanemum fært að sækja persónulega um styrk hjá Nordplus Voksen vegna aukaútgjalda sem fylgja því að stunda fullt nám við lýðháskóla í öðru norrænu landi

að koma á fót styrkjakerfi innan Nordplus til upplýsingastarfsemi lýðháskólasamtakanna um möguleika á að stunda nám við lýðháskóla í öðru norrænu landi

að koma á fót styrktarkerfi innan Nordplus svo lýðháskólar geti eftt norræna ímynd sína

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Nordplus er helsta menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði ævináms. Undir Nordplus heyra fimm undiráætlanir: Nordplus Junior (leik-, grunn- og framhaldsskólastig), Nordplus Æðri menntun, Nordplus Voksen (nám fullorðinna), Nordplus Horisontal og Nordplus Tungumál Norðurlanda.

Nordplus er rekið í samræmi við svonefnt áætlunarskjal Nordplus sem MR-U tekur efnislegar ákvarðanir um og þjónar sem grundvöllur tvíhliða samstarfssamninga sem gerðir hafa verið um þátttöku Eystrasaltsríkjanna í Nordplus. Áætlunarskjal Nordplus fyrir núverandi



gildistíma áætlunarinnar (2018–2022) var lagt fyrir Norðurlandaráð sem ráðherranefndartillaga 31. október 2017.

Nordplus er rekið í þeim tilgangi að styðja og styrkja stofnanasamstarf og tengslanetsmyndun milli landanna sem eiga aðild að áætluninni. Slík starfsemi getur meðal annars tekið til heimsókna og námsferða milli landanna.

Eins og fram kemur í áætlunarskjali Nordplus er ekki tekið við umsóknum um ferðastyrki frá einstaklingum heldur verða slíkar umsóknir að berast frá stofnunum eða félögum. Það skilyrði er sett fyrir veitingu ferðastyrkja að um sé að ræða samstarf að minnsta kosti tveggja virkra þátttökustofnana, þ.e. að minnsta kosti einnar stofnunar eða félags sem skipuleggur heimsókn til annars Nordplus-lands og einnar stofnunar eða félags sem gegnir hlutverki gestgjafa í því landi.

Nordplus starfrækir ekki sérstök styrkjakerfi fyrir einstaklinga, en sækja má um styrki fyrir fatlaða nemendur og námsmenn til að standa undir viðbótarkostnaði sem stofnast vegna þátttöku í heimsóknum eða námsferðum milli landanna. Með vísan til þess hvernig tilgangur Nordplus er skilgreindur telur Norræna ráðherranefndin ekki rétt að svo stöddu að breyta grundvallarreglum áætlunarinnar á þann hátt að nýjum hópum umsækjenda verði heimilað að sækja um styrki á einstaklingsgrundvelli. Breyting af því tagi hefði einnig í för með sér að umsýslukostnaður við áætlunina myndi hækka verulega.

Að því er varðar starfsemi í upplýsingaskyni má geta þess að lýðháskólar á Norðurlöndum eru meðal þeirra menntastofnana sem þegar geta sótt um styrki til Nordplus vegna tengslanetsmyndunar, heimsókna og námsferða milli landa og ýmissa annarra verkefna (þróunarstarfs og samskipta- og upplýsingastarfsemi).

Að því er varðar færri lýðháskóla á að styrkja norræna ímynd sína er þegar gert ráð fyrir styrkjum til þess í Nordplusáætluninni. Lýðháskólarnir og samtök þeirra í hverju landi starfa af miklum krafti í Nordplus Voksen. Lýðháskólar hafa undanfarin þrjú ár verið að meðaltali 7% allra samtaka sem fengið hafa styrki frá Nordplus Voksen. Þeir hafa fengið styrki vegna heimsókna og námsferða, t.d. gagnkvæmra kennara- og nemendaskipta, og vegna vinnu við þróunarverkefni og tengslanetsmyndun af ýmsu tagi. Lýðháskólar hafa að auki fengið styrki til ráðstefnuhalds samkvæmt undiráætluninni Nordplus Horizontal, en slíkir styrkir fást ekki frá Nordplus Voksen. Lýðháskólar taka einnig öðru hvoru þátt í starfsemi á vegum Nordplus Junior í tengslum við bekkjaheimsóknir.

Norræna ráðherranefndin telur að tilmælunum sé með þessu fullnægt að hluta til.

Álit nefndarinnar

Nefndarmenn vísa til þess að norrænu menntamálaráðherrarnir telja ekki rétt að breyta þeim grundvallarreglum sem gilda um umsóknir um styrki frá Nordplus í því skyni að gera einstökum lýðháskólanemum kleift að sækja um styrki til að stunda nám í lýðháskóla í öðru norrænu landi. Nefndarmenn telja það miður en gera sér þó



ljóst að það getur verið vandkvæðum háð að breyta styrkjareglum á miðjum gildistíma áætlunarinnar. Núgildandi gildistíma áætlunarinnar lýkur árið 2022. Nefndarmenn gera ráð fyrir að úttekt verði látin fara fram áður en ákvörðun verður tekin um nýtt rekstrartímabil, með svipuðum hætti og gert var árið 2015. Í þeirri úttekt var ekki fjallað um möguleika lýðháskólanema til námsferða og námsheimsókna og nefndarmenn telja því æskilegt að svo verði gert í væntanlegri úttekt.

Nefndin þakkar fyrir upplýsingarnar sem borist hafa um stuðning við lýðháskóla og samtök þeirra til að halda uppi starfsemi í upplýsingaskyni og til að standa fyrir heimsóknum og námsferðum. Nefndarmenn telja þó að lýðháskólar greini sig að mörgu leyti frá öðrum menntastofnunum, eins og lýst er í nefndartillögunni: Í lýðháskólum stunda allir nám að eigin frumkvæði, starfið fer fram á óháðum grundvelli, ekki er notast við miðstýrðar námskrár og námið er alþýðufræðsla sem stendur bæði ungmennum og fullorðnum til boða. Þetta þarf að koma skýrt fram í væntanlegri úttekt og vega ber og meta hvort rétt sé að stofna nýjan styrkjaflokk ætlaðan lýðháskólum og einstökum nemendum þeirra.

Að þessu sögðu leggur þekkingar- og menningarnefndin til að Norðurlandaráð færi málið til bókar og að litið verði svo á að umfjöllun um það sé að fullu lokið af hálfu ráðsins.

Norðurlöndum, 27. apríl 2020

Angelika Bengtsson (SD)
Ann-Sofie Alm (M)
Camilla Gunell (ÅSD)
Heidi Viljanen (sd)
Henrik Møller (S)
Jorodd Asphjell (A)
Jouni Ovaska (cent)

Kjell-Arne Ottosson (KD)
Lars Mejern Larsson (S)
Marianne Synnes Emblesvåg (H),
Noregi
Mikko Kinnunen (cent)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Riikka Purra (saf)